

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Vonarland, L192498, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykki á fundi sínum 27. apríl 2022 deiliskipulagstillögu af Vonarlandi. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar tveggja íbúðarhúsa, skemmu og gestahúss auk núverandi húsa. Landeigandi hafði undanfarin ár verið með nokkur frístundahús til útleigu og einnig tjaldsvæði. Stefnt var að frekari uppbyggingu og fastri búsetu með byggingu íbúðarhúss. Aðkoma að svæðinu er af Gaulverjabæjarvegi nr. 33 og Grundarvegi nr. 3145. Í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 er svæðið skilgreint sem frístundasvæði og landbúnaðarsvæði, en í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Eyði-Sandvík (Beykiskógar), deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 22. júní 2022 deiliskipulagstillögu á rúmlega 9 ha lands úr Eyði-Sandvík. Tillagan tekur til rúmlega 9 ha lands og er gert ráð fyrir heimild til byggingar íbúðarhúss og bílskúrs allt að 400 m² og gestahúsi allt að 80 m², Þá verður heimilt að reisa útihús/skemmu allt að 600 m². Aðkoma að landspildunni er af Votmúlavegi nr. 310 og um nýja heimreið austan við Eyði-Sandvík. Tillagan gerði ráð fyrir að heiti deiliskipulagssvæðisins verði framvegis Beykiskógar. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 og einnig endurskoðað aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, sem er á lokavinnslustigi skipulagsferlis.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 26. september 2022.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. október 2022